

Bekkur: 3.bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar (sambættist við íslensku, samfélagsgreinar og upplýsinga og tæknimennt)

Kennarar: Sigrún Sigurðardóttir og Sýlvía Ósk Rodriguez

Tímafjöldi: 2 tímar á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu landakort, Komdu og skoðaðu hafið, Halló heimur 2, Milli himins og jarðar- hrafninn, vettvangsferðir, ýmsir vefir t.d. fuglavefurinn, Náttúrustofnun Íslands o.fl.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag náttúruvísinda.	Að nemandi: • Noti einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu. • Kynni niðurstöður einfaldra athugana og taki þátt í umræðu um efnið. • Útskýri hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og haft áhrif á heiminn. • Lesi einfaldan náttúruvísindatexta og endursegi helstu atriði með eigin orðum, skoði einfaldar myndir og segi frá efninu. • Seti fram spurningar, leiti svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýri valið viðfangsefni. • Framkvæmi einfaldar athuganir og skrái mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.	Unnið með námsefnið á fjölbreyttan hátt og sambætting við aðrar námsgreinar. Einstaklings- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir.	Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat. Verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð

Umhverfið	• Nefni dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta. • Segi frá og átti sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. • Taki þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna. • Skoði og kanni helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.		
-----------	---	--	--

	• Geri sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi. • Komi með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og taki þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu. • Geri sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda. • Gangi vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess. • Geti fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.		
Lífið	• Segi frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. • Geri sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum. • Lýsi helstu einkennum valinna dýra. • Tjái sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og beri virðingu fyrir þeim. • Ræði um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrða þeirra. • Átti sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu. • Ræði mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns. • Geri sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar. • Lýsi ytri byggingu á helstu hlutum plantna. • Lýsi byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.		

Efnin	• Framkvæmi og útskýri einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti. • Geti með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki. • Rannsaki leysni algengra efna á heimilinu. • Geti bent á algengustu frumefni og efnasambönd. • Þekki dæmi um hættileg efni á heimilinu.		
Orkan	• Framkvæmi og fjalli um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu. • Hafi kannað eiginleika segla. • Framkvæmi og fjalli um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi. • Útskýri muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum. • Skoði hljóð og ljós og lýsi einföldum eiginleikum þeirra. • Átti sig á að efni hafa massa og stærð.		
Alheimurinn	• Geri sér grein fyrir ástæðum dægraskipta. • Bendi á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn. • Nefni dæmi um hvernig land verður til og mótast. • Fjalli um helstu hnetti í sólkerfinu. • Nefni dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð. • Geri sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.		